

Rótarýklúbbur Hafnarfjarðar.

Skýrsla forseta, starfsárið 2005-2006.

(Flutt á klúbbfundi 6. júlí 2006.)

Inngangur

Ágætu rótarýfélagar!

59. starfsár Rótarýklúbbs Hafnarfjarðar er senn á enda.

Ég væri ekki heiðarlegur ef ég viðurkenndi ekki, að þetta starfsár hefði verið krefjandi. Um leið hefur það verið lærdómsríkt og skemmtilegt. Ég þurfti að glíma við verkefni sem voru mér áður nánast óþekkt, en um leið voru þau ögrandi og til þess eins að sigrast á.

Forseti Rotary International þetta starfsár, hefur verið Carl-Wilhelm Stenhammer frá Svíþjóð, og einkunnarorð starfsársins sem hann valdi voru: “Service Above Self “ eða “Þjónusta ofar eigin hag”.

Klúbbstarfið

Stjórnarfundir

Fjórtán formlegir stjórnarfundir voru haldnir á árinu, eða rúmlega einn í mánuði. Að auki var tölvupóstur mikið notaður til þess að bera saman bækur okkar í stjórninni, sem um leið sparaði að ekki þurfti að kalla saman stjórnarfund að litlu tilefni.

Klúbbfundir

Haldnir voru 47 formlegir klúbbfundir á starfsárinu, þar af var einn fundur klúbbþing. Aldrei var skortur á fundarefnum. Félagar reyndust hver öðrum betri við öflun góðra fundarefna. Nokkur fundarefni voru hefðbundin, eins og stjórnarskipti, tilnefningar til stjórnar og kosning stjórnar, einnig árshátíð, jólafundur, niðjafundur og þorablót.

Þá fluttu þrír af okkar nýrri félögum starfsgreinarerindi og gáfu okkur þannig innsýn í það sem þeir eru að fást við. Þetta voru þær: Jónína S. Sigurðardóttir, Sigríður Kristín Helgadóttir og Þórdís Bjarnadóttir.

Í dag eiga sjö nýir félagar eftir að halda starfsgreinaerindi sín.

28. júlí var farið í norska húsið í Heiðmörk og haldinn þar kvöldfundur undir forystu Guðbjartar og annarra félaga hans í klúbbþjónustunefnd. Mikil ánægja er með þessa tilbreytingu í fundarstarfinu og er hún vonandi komin til með að verða fastur liður í klúbbstarfinu.

Umdæmisstjórinn okkar Örn Smári Arnaldsson og eiginkona hans komu í heimsókn. Örn Smári flutti okkur formleg skilaboð umdæmisstjóra og forseta Rotary International..

Fundarefni hafa verið mjög fjölbreytt og fræðandi, og erfitt er að gera upp á milli þeirra.

Fyrirlesarar hafa komið úr öllum áttum og verið hver öðrum betri. Margir klúbbfélagar hafa orðið að útvega fyrirlesara, sem skapar fjölbreytnina. Þetta gerir félagana virkari þátttakendur í klúbbstarfinu.

Mætingar

Tveir félagar þ.e. þeir Jóhannes Pálmi Hinriksson og Kristján Arason óskuðu sérstaklega eftir að verða undanþegnir mætingarskyldu á starfsárinu vegna anna í námi og starfi og varð stjórn klúbbsins við ósk þeirra.

Mætingar félaga á klúbbfundi hafa verið góðar í heildina séð. Meðaltalsmæting hefur oft verið með því besta sem gerist á meðal rötaryklúbba. Oft um og yfir 90% og höfum við gjarnan vermt efsta sætið á mætingalista umdæmisins, jafnvel mánuð eftir mánuð.

Engu að síður er alltaf einhver lítill hópur félaga sem er með lélega mætingu og tekur takmarkaðan þátt í því sem er verið að gera. Þessir félagar gefa ýmsar skýringar. Væri óskandi að þeir sem svo er ástatt um líti í eigin barm og spyrji sjálfan sig hvort ekki sé hægt að gera betur og vera virkari í því sem klúbburinn tekur sér fyrir hendur. Það hlýtur að gefa viðkomandi meiri ánægju, og um leið að styrkja starf klúbbsins. Klúbbstarfið verður jú bara eins og við mótum það sjálf.

Félagi sem mætir illa og tekur lítið þátt í klúbbstarfinu kynnist félögum lítið og þeir honum lítið.

Minna má félaga á að mæta á fundi í öðrum klúbbum bæði innanlands sem utan. Þannig er hægt að öðlast vitneskju um hvernig aðrir klúbbar starfa. Af því getum við lært og eflt okkar klúbb. Með þessu geta félagar bætt upp sína eigin mætingu.

Andlát

Félagi okkar Sigurður Kristinsson lést á starfsárinu. Sigurður var með traustustu félögum klúbbsins í marga áratugi. Sigurðar var sérstaklega minnst á fundi.

Félagaskrá

Í upphafi starfsársins voru 73 félagar í klúbbnum okkar, þar með talið er heiðursfélaginn okkar Pétur Þorbjörnsson.

Sjö nýir félagar bættust í félagahópinn á starfsárinu. Það eru þau Auðunn Karlsson, Björn Pétursson, Gunnar Sæmundsson, Hjörleifur Valsson, Jónatan Garðarsson, María Kristín Gylfadóttir og Þráinn Hauksson.

Enginn félagi hætti í klúbbnum á starfsárinu.

Félagar í lok starfsársins eru því 79, þar af er 1 heiðursfélagi, Pétur Þorbjörnsson.

Nefndastörf

Landgræðslunefnd

Landgræðslunefnd var undir forystu Sigurðar Haraldssonar. Nefndin hafði veg og vanda að skógarhöggi jólatrjáa fyrir jólin og gróðursetningarferð klúbbsins í vor, auk þess að sjá um 2 fundarefni. Fyrir gróðursetninguna buðu þau Jón Vignir og eiginkona hans Hjördís, afnot að heimili sínu, sem er í nágrenninu og þar var matast.

Æskulýðsnefnd

Æskulýðsnefnd starfaði undir forystu Hallfríðar Helgadóttur. Enginn skiptinemi var á vegum klúbbsins þetta árið. Sérstaklega ber að þakka fyrir kynningu á æskulýðsmálunum í máli og myndum. Kynningar þessar eru ekki sýst fyrir nýrri félaga klúbbsins, sem kannski eru ekki vel kunnugir þeim valkostum sem í boði eru. Greinilegt er að meira mun mæða á æskulýðsnefndinni á næsta starfsári. Skiptinemastarfið er tvímælalaust einn umfangsmesti og um leið einn mikilvægasti þátturinn í starfi rótarý á heimsvísu, og er sérstaklega gaman að okkar klúbbur skuli hafa verið svona virkur í þessu starfi undanfarna áratugi. Mikilvægt er því að halda þessu starfi áfram, eins og nýja stjórnin fyrirhugar að gera.

Skemmtinefnd

Skemmtinefnd starfaði undir forystu Ingvars Geirssonar. Skemmtinefnd er ein af mikilvægustu nefndum klúbbsins okkar og því eins gott að hún sé vel mönnuð. Árhátíðin var haldin 22. október og var vel sótt og vel heppnuð, enda skemmtiatriði vönduð. Jólafundurinn var haldinn 15. desember og fór vel fram. Niðjafundur var haldinn 29. desember og hefðu fleiri félagar mátt mæta og þá með afkomendur sína. Það er eins og þessir fundir séu komnir í einhverja tilvistarkreppu. Þorablót var haldið 27. janúar á hefðbundinn hátt og tókst vel.

Verðlaunanefnd nemenda

Verðlaunanefnd nemenda starfaði undir forystu Hjördísar Guðbjörnsdóttur. Sú nýbreytni var tekin upp að fulltrúar úr nefndinni og eða stjórn klúbbsins voru viðstaddir skólaslit í grunn- og framhaldsskólum bæjarins. Afhent voru bókarverlaun til þeirra nemanda sem þóttu standa sig best. Áður fór fram stutt kynning á rótarý. Þessi nýbreytni þótti takast einstaklega vel.

Framkvæmdasjóður

Framkvæmdasjóði var stýrt af Skúla Þórssyni. Skúli Valtýsson mun gera grein fyrir rekstri sjóðsins, sem aðallega felst í jólamerkja-útgáfunni og jólatrjáasölu úr lundinum okkar.

Öldrunarnefnd

Öldrunarnefnd, undir forystu Sigríðar Kristínar Helgadóttur, þurfti að sjá um fundarefni á einum fundi, auk þess að skipuleggja og stjórna kaffisamsæti hjá félagi eldri borgara í félagsaðstöðu þess við Flatahraun.

Ferðanefnd

Ferðanefnd er orðin ein af mikilvægustu nefndum klúbbsins.

Henni stýrðu Sigurþór Aðalsteinsson og Hjördís Guðbjörnsdóttir.

Í lok september var farið til Kaupmannahafnar. Kaupmannahöfn var skoðuð undir leiðsögn félaga úr klúbbnum, sem höfðu þar stundað nám. Farið var í heimsókn til arkitektanna sem teikna nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið, sem á að fara að reisa í Reykjavík. Skroppið var yfir Eyrasundsbrúna til Malmö og þar var m.a. snúni turninn barinn augum.

Ferðin tókst í alla staði frábærlega vel og var vel skipulögð af fararstjórunum Hjördís og Sigurþóri.

Umsjón með rótarýgolf

Umsjón með rótarýgolfi er föst nefnd í klúbbnum. Jóhannes Pálmi Hinriksson veitti nefndinni forystu. Í þessum hópi er stöðugt að fjölga og áhuginn að aukast. Á síðasta sumri tókst ekki að ná neinum verlaunabikar eins og svo oft er búið að gera síðustu árin. Nú er bara að vona að okkar mönnum gangi vel í sumar, en það mun koma í ljós nú í júlí.

Aðrar nefndir

Aðrar nefndir klúbbsins þ.e. klúbbþjónustunefnd, starfsþjónustunefnd, þjóðmálanefnd, alþjóðamálanefnd, félaganefnd, starfsgreinanefnd og rótarýfræðslunefnd, höfðu hefðbundnu hlutverki að gegna og hver um sig þurfti að sjá um 3-5 fundarefni og tókst það undantekningarlaust með ágætum.

Viðurkenningar

Á árs hátíðinni voru þeir Almar Grímsson og Guðni Gíslason gerðir að Paul Harris félögum og á þorablóti klúbbsins voru þeir Einar Eyjólfsson og Sigurður Þorleifsson gerðir að Paul Harris félögum. Þessir félagar okkar eru vel að þeim heiðri komnir.

Styrkur til gerðar vatnsbrunnna á Indlandi

Klúbburinn tók þátt í vatnsöflunarverkefni á vegum rótarýhreyfingarinnar og veitti styrk að upphæð 1.500\$ til gerðar 3ja vatnsbrunnna á Indlandi.

Samstarf við rótarýklúbbinn í Kimberley í Suður Afríku.

Í ferð Gunnhildar ritara okkar til Kimberley s.l. vor, var á rótarýfundum þar, lögð drög að samstarfi klúbbanna til félagslegrar aðstoðar á svæðinu. Í dag er búið að koma á bréfaskiptum á milli klúbbanna.

Minna má á að síðasta stjórn ákvað að veita kr. 150.000 til þessa verkefnis og hafa þessir peningar ekki enn verið notaðir.

Rótarýsjóðurinn.

Ákveðið var í fjárhagsáætlun starfsársins að framlög okkar í Rótarýsjóðinn, í gegnum félagsgjöld skyldu nema 30\$ á hvern féлага, eða um 2.190\$. Þar fyrir utan hefur klúbburinn gefið framlög til þess að minnast stórafmæla félaga okkar, svo og til minningar um látna félaga eða um 900\$. Síðan hafa safnast 1.716\$ í grísinn okkar og

sannast þar vel máltækið að “margt smátt gerir eitt stórt”. Samanlagt höfum við lagt fram 4.806\$ til sjóðsins.

Gagnagrunnur.

Á árinu hófst vinna við gagnagrunn fyrir klúbbinn okkar. Gagnagrunnurinn á að geyma helstu upplýsingar um alla félagi í klúbbnum frá upphafi. Vinnu við gagnagrunnin stendur til að ljúka með haustinu.

Lokaorð.

Rótaryhjólíð heldur áfram að snúast og nýtt fólk kemur inn í stjórnina í stað þeirra sem hverfa á braut.

Þegar ég horfi til baka er mér efst í huga þakklæti í garð allra sem hafa unnið með mér á starfsárinu. Þeirra Guðna Gíslasonar verðandi forseta, Gunnhildar Sigurðardóttur ritara, Sigþórs Jóhannessonar gjaldkera, Jóns Vignis Karssonar stallara og svo Sigurðar Hallgrímssonar fyrrverandi forseta, sem hljóp undir bagga og aðstoðaði mig þegar á þurfti að halda.

Að lokum langar mig til að þakka ykkur félögum mínum í klúbbnum fyrir frábært samstarf á starfsárinu.

Það hefur verið gaman að starfa með ykkur.

Mætingar hafa verið góðar. Skemmtileg stemming hefur verið á fundunum og erindi hafa verið fræðandi.

Já ég hef fundið fyrir því að ykkur finnst gaman að mæta á fundi í klúbbnum okkar.

Góð mæting eru lykilatrið í starfi klúbbsins.

Með góðri mætingu takast góð kynni okkar á milli og samstaðan eflist.

Já þá er gaman að vera félagi í Rótaryklúbbi Hafnarfjarðar.

Kristján Stefánsson

Forseti Rótaryklúbbs Hafnarfjarðar, starfsárið 2005-2006.